



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/130

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1613
komudagur 30.3.1998

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
26. mars 1998.

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík.

Efni: Um lagafrumvörp varðandi eftirlit með fjármálastarfsemi, (560. mál), breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit (561. mál) og Seðlabanka Íslands (581. mál).

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. þ.m., var óskað eftir umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreind þrjú þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Um frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál.

Almennt um frumvarpið.

Stjórn S.Í.T. hefur um nokkurra ára skeið bent á nauðsyn þess, að hugað yrði að framtíðartilhögun opinbers eftirlits hér á landi með stofnunum og félögum á sviði fjármálaþjónustu. Tilgangur slíkrar endurskoðunar ætti að vera sem kostur væri samræming á kröfum og vinnubrögðum eftirlitsaðila gagnvart fjármálagreinum og að auka hagkvæmni eftirlitsstarfsins án þess að slaka á faglegum kröfum. Í því sambandi hefur stjórn S.Í.T. bent á, að í fullri alvöru beri að líta til þróunar þessara mála á síðustu árum á hinum Norðurlöndunum, og þar með kosti þess að setja á laggir sjálfstæða stofnun, Fjármálaeftirlit, sem leysti af hólmi Vátryggingaeftirlit og bankaeftirlit Seðlabankans. Jafnframt hefur S.Í.T. bent á þá ósanngjörnu skipan, að vátryggingafélögunum hafi jafnan verið gert að standa straum af kostnaði við eftirlitsaðila sinn, en aðilar sem falli undir bankaeftirlitið hafi ekki þurft að greiða kostnað vegna starfsemi þess. Þetta frumvarp um eftirlit með

fjármálastarfsemi fellur í höfuðatriðum að stefnumörkun S.Í.T. til þessa máls. Stofnun og rekstur heildstæðs fjármálaeftirlits eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er til þess fallið að jafna starfsskilyrði einstakra fjármálaþjónustugreina hér á landi, einfalda stjórnsýslu, auka skilvirkni og stuðla að hagræðingu og sparnaði í eftirlitsstarfseminni. **Samband íslenskra tryggingafélaga hvetur því eindregið til þess, að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi.**

Um 2. gr. frumvarpsins.

Hér eru taldir í 10 liðum þeir aðilar, sem falla eiga undir Fjármálaeftirlit. Af þessari upptalningu er ljóst, að stórir aðilar á sviði fjármálaþjónustu verða ekki undir nokkurt fjármálaeftirlit seldir, t.d. greiðslukortafyrirtæki. Mun m.a. skýring á því vera sú, að um greiðslukortastarfsemi hafa ekki verið sett lög. Því þjóni opinbert eftirlit með slíkri starfsemi varla tilgangi sínum, þegar öll viðmið fyrir eftirlitsaðilann skorti. Fallast má á slík sjónarmið. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að fjármálaþjónustan öll falli undir eftirlit. Það er ekki vansalaust, að í raun gildi engar faglegar reglur um starfsemi greiðslukortafyrirtækja. Er brýnt að úr því verði bætt, og að samhliða verði greiðslukortastarfsemin skýlaust talin upp í lögum um opinbert fjármálaeftirlit með þeim aðilum, sem undir slíkt eftirlit skuli falla. Miðað er við, að lög in um fjármálaeftirlit öðlist gildi 1. janúar 1999. Verður ekki betur séð en að unnt sé að koma á nauðsynlegri löggjöf um þetta efni fyrir það tímamark.

Um 11. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 11. gr. er gert ráð fyrir því, að sé kröfum eða athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt geti það gripið til viðurlaga í formi dagsekta. Innheimta viðurlaganna skuli ákveðin af stjórn Fjármálaeftirlitsins, og skulu viðurlögin að 3/4 hlutum renna í ríkissjóð. Ákvæði þetta, sem á sér fyrirmynd í lögum um Seðlabanka Íslands, er vægt til orða tekið afar annkannalegt. **Í fyrsta lagi skal** nefna, að ákvörðun viðurlaga á fyrst og fremst að vera í höndum dómstóla, en ekki stjórnvalda. **Í öðru lagi** hafa fræðimenn löngum dregið í efa réttmæti og þýðingu dagsektaákvæða í stjórnsýslu. **Í þriðja lagi** er í sérlögunum, sem um fjármálaþjónustugreinarnar gilda nú og munu auðvitað áfram gilda, t.d. í lögum um váttryggingastarfsemi, víðtækar heimildir um úrræði til að gera gagnvart eftirlitsskyldum aðilum, allt frá heimildum um ábendingar og tilmæli og til starfsleyfissviptinga í alvarlegum tilvikum. **Í fjórða lagi** er hér um að ræða einhliða og ósmekklega tekjuöflunarleið fyrir bæði eftirlitsaðilann og ríkissjóð. **Í fimmta og síðasta lagi** er í 19. gr. frumvarpsins að finna ákvæði sem ber yfirskriftina viðurlög. Er þar um að ræða refsheimildarákvæði fyrir dómstóla í formi m.a. sekta. Hér er um að

ræða fullnægjandi viðurlagaákvæði, sem er í samræmi við meginreglur íslensks réttarfars. **Með vísan til ofanritaðs er því eindregið lagt til, að 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins verði felld niður.**

Um 16. gr. og 20. gr. frumvarpsins.

Í 16. grein er mælt fyrir um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að kosta Fjármálaeftirlitið og hvernig það gjald skuli ákvarðað.

Í 2. tölul. 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins segir, að eftirlitsgjald vegna starfsemi váttryggingafélaga skuli nema allt að kr. 0.33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0.04% af bókfærðum endurtryggingariðgjöldum, þó eigi lægra en kr. 150.000.-. Ekki er gerð athugasemd við lágmarkið. Hins vegar verður ekki hjá því komist að nefna að ofangreindir hundraðshlutar af iðgjöldum eru hinir sömu og í núgildandi lögum nr.60/1994 um váttryggingastarfsemi, sbr. 2. mgr. 52. gr. þeirra laga. Við fyrstu sýn virðist því sem vonir um sparnað og hagræðingu við eftirlitið með váttryggingastarfseminni ætli ekki að ganga eftir. Þó ber að áréttta, að hér er um hámark á gjaldtökuna að ræða, og er engan veginn gefið að þessa gjaldtökuheimild þurfi að nýta að fullu, en sem fram kemur í 1. mgr. greinarinnar skal miða við, að eftirlitsskyldar greinar greiði eftirlitsgjald í samræmi við þann tíma sem fer í eftirlitsstarfið með þeim. Þá er í 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins tekið fram, að ráðherra skuli gangast fyrir endurskoðun á ákvæðum 16. gr. eftir þrjú ár, þ.e. fyrir 1. janúar árið 2002. **Því er varpað hér fram, hvort tveggja ára "reynslutími" í þessu efni teljist ekki nægur, og að endurskoðun gjaldtökuákvæðisins skuli í síðasta lagi lokið 1. janúar 2001. Skuli því 20. gr. breytt til samræmis við það.**

Í 3. tölul. 16. gr. er gert ráð fyrir því, að þeir sem stundi váttryggingamiðlun eigi að greiða nokkurt eftirlitsgjald, eða 0.053% af þeim iðgjöldum, sem miðlað er, þó að lágmarki kr. 150.000.-. Hér er um nokkra hækkun að ræða miðað við gildandi reglur, sem sjálfsagt skýrist af þeirri staðreynd, að eftirlit og umsýsla Váttryggingaeftirlitsins með váttryggingamiðlurum hefur á síðustu árum verið allmikil og tímafrek. Mætti jafnvel ætla að váttryggingastarfsemin, þ.e. váttryggingafélögin, hafi til þessa "niðurgreitt" eftirlitsgjaldið með miðlurunum. Vonandi nægir þessi breyting á eftirlitsgjaldi með miðlurum til að skipa málum í eðlilegt horf, og að gjöldin standi undir kostnaði við eftirlitið með þeim.

Kjarni máls er þó, að reynt verði sem kostur er að framkvæma þá stefnu, sem fram kemur í upphafi 16. gr., að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjald í samræmi við þá vinnu sem Fjármálaeftirlitið leggur af mörkum vegna hlutaðeigandi greinar.

2. Um frumvörp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit, 561. mál, og Seðlabanka Íslands, 581. mál.

Fyrirnefnda þingmálið er nauðsynlegt fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ekki eru gerðar athugasemdir við efni þess. Aðeins er hvatt til skjótrar afgreiðslu þess, enda slíkt nauðsynlegt eigi frumvarpið um opinbert fjármálaeftirlit fram að ganga. Svipað er að segja um síðarnefnda þingmálið, sem snýr að breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 með síðari breytingum. Að svo komnu þykir ekki heldur ástæða til að gera athugasemdir við efni þess.

Fulltrúar Sambands íslenskra tryggingafélaga eru reiðubúnir að mæta á fund efnahags- og viðskiptanefndar og skýra sjónarmið sín frekar til málefnsins, verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson